

Ársskýrsla öryggishóps Skýrslutæknifélags Íslands 2020

Stjórn hópsins var skipuð 8 mönnum sem tóku allir virkan þátt í starfsemi hópsins. 248 manns eru skráðir á póstlista hópsins sem fá send boð um viðburði á vegum hópsins, fjölgar um einn frá fyrra ári sem er mjög gott í ljósi mikilla breytinga á atvinnumarkaðinum undanfarið ár.

Á starfsárinu 2020-2021 var stjórn öryggishópsins þannig skipuð:

- Bergsteinn Karlsson, Origo
- Knútur Birgir Otterstedt, Íslensk erfðagreining
- Kristján Valur Jónsson, Póst- og fjarskiptastofnun
- Magnús Birgisson, SecureIT
- Sigurður Emil Pálsson, Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið
- Sigurður Másson, Advania
- Sverrir Davíðsson, Valit ráðgjöf
- Tryggvi Farestveit, Opin kerfi

Starfsemi:

Á starfsárinu var áætlað að halda tvo hádegisverðarfundum, en vegna Covid-19 faraldursins var aðburðinum sem halda átti í apríl 2020 frestað fram á haustið. Því var einungis einn hádegisverðarfundur haldinn á starfsárinu:

„NETÖRYGGI ER Á ÁBYRGÐ OKKAR ALLRA?“, haldinn 28. Október 2020. Á fundinum var fjallað um veikleika og öryggisáhættur sem fylgja auknum rafrænum samskiptum í kjölfar Covid-19 faraldursins. Haraldur Bjarnason frá Auðkenni fjallaði um notkun rafrænna skilríkja og þau atriði sem bæði notendur og veitendur af rafrænum þjónustum þurfa að huga að í tengslum við notkun rafrænna skilríkja. Ebenezer Þ. Böðvarsson frá SaltPay fjallaði um hvernig fyrirtæki geta styrkt sig öryggislega með að koma upp teymi öryggissérfræðinga. Arnaldur Axfjörð frá Embætti Landlæknis fjallaði um þær kröfur sem Embætti Landlæknis gerir til þjónustuveitanda sem vilja miðla heilbrigðisupplýsingum eða veita heilbrigðisþjónustu rafrænt. Kristján Valur Jónsson fjallaði síðan um viðbúnaðaráætlanir CERT-IS út frá atviki sem varð í september 2020 þar sem DDOS árásum var hótáð gegn mikilvægum innviðum samfélagsins. Fundarstjóri var Hildur Jónsdóttir frá Origo. Fundurinn var haldinn rafrænt og sóttu hann 172 manns.

Starfsemi hópsins markaðist mjög af COVID-19 faraldrinum og var ekki eins gróskumikil og undanfarin ár. Ánægjulegt er samt að fundur hópsins í október fékk góða mætingu og er það okkur hvating til að halda áfram á sömu braut. Árið framundan er spennandi, þar sem við höfum lært mikið undanfarið ár og erum því hæf til að skipuleggja spennandi viðburði hvort heldur sem er rafrænt eða á gamla hefðbundna mátan í fundarsal.

Reykjavík, 25. febrúar 2021,
f.h. öryggishóps Skýrslutæknifélags Íslands, Sigurður Másson